

LÖG

um breytingu á lögum um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, nr. 57/2020 (framlenging á umsóknarfresti).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Fyrirsjáanlegt er að heildar-
tekjur af starfseminni á næstu þremur mánuðum frá því að sótt er um úrræðið lækki um 75
hundraðshluta eða meira í samanburði við sama tíma á árinu 2019.

2. gr.

Í stað ártalsins „2021“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 2022.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. mars 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.